3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Ákvæði 1. og 3. gr. skulu gilda frá og með deginum eftir að þær eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.* Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 5. apríl 2002.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

25. ágúst 2003 Nr. 663

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna, nr. 528 18. ágúst 1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Fyrirsögn töluliðar 9.2 orðast svo: **Afleysingamenn og héraðslögreglumenn.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. kafla reglugerðarinnar:

a. Fyrirsögn töluliðar 11.3 orðast svo: **Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra.**
b. Töluliður 11.4 fellur brott og breytist röð liða samkvæmt því.
c. Fyrirsögn töluliðar 11.5, er verður töluliður 11.4, orðast svo: **Yfirlögregluþjónar.**
d. Fyrirsögn töluliðar 11.6, er verður töluliður 11.5, orðast svo: **Aðstoðaryfirlögregluþjónar.**
e. Fyrirsögn töluliðar 11.7, er verður töluliður 11.6, orðast svo: **Aðalvarðstjórar/Lögreglufulltrúar.**
f. Fyrirsögn töluliðar 11.8, er verður töluliður 11.7, orðast svo: **Varðstjórar/Rannsóknarlögreglumenn.**
g. Fyrirsögn töluliðar 11.9, er verður töluliður 11.8, orðast svo: **Aðstoðarvarðstjórar.**
h. Töluliðir 11.10, 11.11, 11.12, 11.13 og 11.14 falla brott.
i. Tveir nýir töluliðir bætast við, svohljóðandi:

11.9 Lögreglumenn.
Á smeygnum skal vera einn gylltur borði, 6 mm, nær axlarbrún og einn borði, 3 mm, nær kraga.

11.10 Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn.
Á smeygnum skal vera einn gylltur borði, 3 mm, nær kraga.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. ágúst 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

Stöðueinkenni og merki lögreglunnar

Stöðuheiti	Lögreglu-númer	Einkennis-húfa 1	Einkennis-húfa 2	Axlarsproti jakka 1	Axlar-smeygur	Kragahorn á jakka 1	Ermar á jakka	Armmerki	Húfumerki
Ríkislögreglustjóri									
Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins									
Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra									
Yfirlögregluþjónar	x								
Aðstoðaryfirlögregluþjónar	x								
Aðalvarðstjórar/lögreglufulltrúar	x								
Varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn	x								
Aðstoðarvarðstjórar	x								
Lögreglumenn	x								
Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn	x								